

Íslenskur iðnaður

8./9. tölublað 19. árg.

Ágúst/September 2013

Samtök iðnaðarins

SI



Ráðherrafundur

Fulltrúar Samtaka iðnaðarins og Hátækni- og sprotavettvangs (HSV) funduðu á dögnum með forsætisráðherra fjármála- og efnahagsráðherra og atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra. Tilgangur fundarins var að kynna HSV sem öflugan samstarfsvettvang, framtíðarsýn tækni- og hugverkagreina, verkefni tengd framtíðarsýninni, stöðu greinarinnar, farsæla uppbyggingu og tækifæri í tækni- og hugverkafyrirtækja.

Miðstöð tækni- og hugverkafyrirtækja

Svana Helen Björnsdóttir, formaður SI gerði grein fyrir HSV samstarfsvettvangnum og mörgum góðum málum sem þar hafa unnist. Hún sagði hlut tækni- og hugverkaiðnaðar á Íslandi hafa vaxið hröðum skrefum á undanförunum árum. En þrátt fyrir góðan árangur í uppbyggingu þessara fyrirtækja sé ástæða til að hafa áhyggjur af vaxandi fjölda fólks og fyrirtækja á leið úr landi.

Svana sagði nauðsynlegt að hafa gjaldmiðil án hafta sem gjaldgengur sé á alþjóðamarkaði, samkeppnishæft starfsumhverfi og virk tengsl við helstu markaðssvæði. Fyrirtæki í tækni- og hugverkaiðnaði hafi mörg hver góða möguleika á vexti og útflutningi og möguleika á að skapa verðmæt og vel launuð störf séu réttar forsendur fyrir hendi.

Árangur í uppbyggingu

Vilborg Einarsdóttir framkvæmdastjóri InfoMentor, sagði fyrir tæknið ver í örum vexti og þyrfti viðbótarfjármagn. Hingað til hafi fjármögnun verið í gegnum NSA, Frumtak og Tækniþróunarsjóð. Núna þyrfti meira til og því miður væru gjalddeyrishöft, óvissa og gjaldmiðill sem erlendir fjárfestar treysta ekki að skemma fyrir.

framhald bls. 3

Matvæladagur MNÍ

Matvæladagur MNÍ 2013 verður haldinn á Grand Hótel Reykjavík miðvikudaginn 16. október. Dagurinn verður að þessu sinni helgaður umfjöllun um ráðleggingar um mataræði og næringarefni og hvernig þær nýtast í daglegu lífi. Titill ráðstefnunnar verður: Ráðleggingar um mataræði og næringarefni – nýjar áherslur. Meginmarkmiðið með ráðstefnunni er að skýra hvað býr að baki ráðleggingum um mataræði og næringarefni, hvernig þær verða til og hvernig þær nýtast í forvörnum og við vöruþróun í iðnaði. Norræna skráargatið og notkunarmöguleikar þess verða kynntir en til stendur að taka það upp hér á landi.

Matvæladagurinn er haldinn á alþjóðlegum fæðudegi FAO sem er haldinn 16. október ár hvert. Í tilefni af Matvæladeginum gefur Matvæla- og næringarfræðafélagið út veglegt fréttabréf *Matur er mannsins megin* þar sem fjallað er um alþjóðlega fæðudaginn auk ýmissa áhugaverðra málefna á sviði matvælaíðnaðar og manneldis. Á Matvæladegi verður Fjöregg MNÍ afhent en það er veitt fyrir lofsvert framtak á sviði matvælaframleiðslu og manneldis. Fjöreggið er veglegur verðlaunagripur, hannaður og smíðaður af Gleri í Bergvík og hefur frá upphafi verið gefinn af Samtökum iðnaðarins. Orri Hauksson, framkvæmdastjóri SI afhendir Fjöreggið.

Dagskrá er að finna á vef MNÍ, www.mni.is.



bls. 2



Leiðari:
Pattstaða á
fasteignamarkaði

bls. 4



Nú er aðeins
ár til stefnu

bls. 6



bls. 7



Mentis Cura semur
við kínverskt
hágæðasjúkrahús

bls. 8



RBRúm
70 ára

Pattstaða á fasteignamarkaði

Íbúðarhúsnæði er helsta uppspretta eigna og eignamyndunar í samfélaginu, bæði hjá þeim sem eiga húsnæði en líka hjá þeim sem lána fé til kaupa á húsnæði. Ennfremur er íbúðarhúsnæði ein af grunnþörfum manna. Þróun þessa markaðar snertir því alla með einum eða öðrum hætti, bæði heimili og atvinnulíf. Að undanfögnu hefur mikið verið fjallað um stöðuna á þessum markaði, svo sem þróun nýbygginga, byggingarkostnað, húsnæðisverð, skort á leiguhúsnæði og hátt leiguverð.

Framboð og eftirspurn eftir húsnæði ráðast annars vegar af efnahagslegum þáttum og hins vegar af lýðfræðilegum þáttum sem að hluta til tengjast innbyrðis. Efnahagslegir þættir, s.s. hagvöxtur, kaupmáttur, aðgengi að lánsfé og fjármagnskostnaður eru ráðandi þættir hvað varðar þróun markaðarins til skamms tíma lítið en til lengri tíma lítið vega þeir lýðfræðilegu þungt. Með því er m.a. átt við íbúafjölda, aldurssamsetningu, fæðingátíðni, ævilengd og meðalfjölda íbúa í hverri íbúð.

Efnahagskreppan skekur iðnaðinn

Efnahagskreppan, sem hófst seint árið 2008, markaði djúp spor í efnahagslíf þjóðarinnar. Raunverð húsnæðis hrundi, nýbyggingar stöðvuðust og húsnæðis-skuldir ruku upp með verðbólgunni. Samhliða lenti byggingariðnaðurinn í afar djúpri kreppu sem í raun stendur enn. Árið 2008 störfuðu um 17.700 manns í byggingariðnaði. Síðan þá hefur þeim fækkað samfellt og eru nú um 9.300 skv. tölum Hagstofunnar. Velta hefur líka dregist stöðugt saman en það skýrist af fleiri þáttum en fækkun íbúðabygginga enda er heildarfjárfesting í landinu í lágmarki. Sem betur fer eru vísbendingar um að nokkur vöxtur sé að færast í nýbyggingar en betur má ef duga skal.

Á árunum 2000-2008 var árlega byrjað að byggja um 3.000 íbúðir en meðaltalsþörf til langs tíma er líklega á bilinu 1.500-1.800 íbúðir. Árin 2009-2012 var aðeins byrjað á 200-500 nýjum íbúðum. Vissulega var nokkuð af húsnæði til á lager frá fyrri árum, sá lager er hins

vegar nánast uppurinn auk þess sem hann hentaði illa fyrir þarfir markaðarins. Nýjustu kannanir SI sýna að nú er einungis verið að byggja um 1300 íbúðir sem eru á öllum byggingarstigum.

Innistæða fyrir aukinni eftirspurn

Undanfarin misseri hafa efnahagslegar aðstæður ekki orðið til þess að blása lífi í fasteignamarkaðinn. Hagvöxtur er lítill, kaupmáttarvöxtur hægur og aðgangur að fjármagni takmarkaður. Hins vegar ættu lýðfræðilegir þættir að ýta undir eftirspurn. Frjósemi Íslendinga var mikil á kreppuárunum 1990-1994 sem veldur því að óvenju stórir árgangar eru nú á þeim aldri sem fólk flyst gjarnan úr foreldrahúsum. Þekkt er að breytingar á fjölda í þessum aldurshópi hafa umtalsverð áhrif á eftirspurn eftir húsnæði. Önnur markverð breyting á sér einnig stað. Árin 1955-1965 fæddust 51 þúsund börn hér á landi en 46 þúsund árin 1970-1980.

Talsvert er um að fólk sem, fætt 1955 - 1965 sé farið að huga að minna húsnæði enda eru börnin farin að heiman og farið að stytast í starfslok. Að síðustu má nefna að þrátt fyrir umræðu um brottflutning fólks af landinu í kreppunni hefur landsmönnum fjölgað á hverju ári frá 2008. Allir þessir þættir ýta undir eftirspurn eftir húsnæði og þá ekki síst litlum íbúðum.

Spennur og ótryggur leigumarkaður

Undanfarið hefur talsverð umræða verið um þrönga stöðu leigjenda – að framboð sé lítið og verðið hátt. Frá hagfræðilegum sjónarhóli hlýtur sú staða að skýrast af háum fjármagnskostnaði og rekstrar-kostnaði fasteigna. Annars myndi fólk bara kaupa sér íbúðir. En veruleikinn er ekki alveg svo einfaldur. Vegna hás leiguverðs er svigrúm leigjenda til að byggja upp eigið fé til að kaupa húsnæði takmarkað. Þannig hefur það alltaf verið nema þegar veitt voru 100% lán til íbúðakaupa. Það erfiða ástand, sem margir búa við, endurspeglar aðeins að fjármagnskostnaður er mikill, aðgengi að lánsfé takmarkað og ríkar kröfur um



Bjarni Már Gylfason
framkvæmdastjóri SI

eigið fé. Meðallaun duga ekki til að kaupa meðalstóra fasteign.

Segja má að einskona pattstaða ríki á fasteignamarkaðnum. Fasteignaverð er ekki nógu hátt til að húsnæðisverð hefjist handa af fullum þunga því að byggingarkostnaður sem hlutfall af húsnæðisverði er óhagstæður. Á sama tíma er mikil húsnæðisþörf, sérstaklega fyrir lítið húsnæði, en vegna samspils efnahagslegra og lýðfræðilegra þátta nægir þessi þörf ekki til að auka eftirspurn og þrýsta þar með verðinu upp á við. Þetta ástand leiðir til spennu á markaðnum sem m.a. veldur hækkun leiguverðs og skorti á nýjum íbúðum.

Hægt að bregðast við

Sem betur fer er hægt að bregðast við þessu ástandi og stuðla að að auknu jafnvægi á þessum markaði. Í fyrsta lagi þarf að gera húsnæðisþörf kleift að byggja hagkvæmt húsnæði sem ekki þarf að standast ströngustu byggingarreglugerðir sem fyrirfinnast í heiminum. Í öðru lagi þurfa sveitarfélög, einkum á höfuðborgarsvæðinu, að lækka lóðagjöld. Þau gjöld vega afar þungt og valda því að hvati til að byggja litlar íbúðir er ekki nógu mikill. Í þriðja lagi þarf skipulag sveitarfélaga að taka mið af breyttum þörfum. Núverandi skipulag er í anda ársins 2007 sem miðar ekki að því að fólk vilji búa í tveggja til þriggja herbergja íbúðum án bílskýlis. Í fjórða lagi þarf að eyða sem fyrst óvissu um hvernig útfæra á lánaleiðréttingu eins og ríkisstjórnin hefur boðað.

Sú óvissa truflar markaðinn.

Ráðherrafundur

frh. af forsiðu

Verðmætasköpun og fjárfesting í nýsköpunarfyrirtækjum

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra greindi frá nokkrum málum sem unnið er að til bæta starfsskilyrði fyrirtækja. Til að mynda kortlagningu heilbrigðismála og mál sem tengjast gjaldeyrishöftunum. Bjarni sagði mikilvægt að byggja upp traust eftir óstöðugleika síðustu ára.

Bjarni telur að fyrirtæki í tækni- og hugverkaiðnaði hafi tækifæri til vaxa erlendis en til þess þurfi fjármagn sem skorti sárlega, sérstaklega í minni fyrirtækjum. Það þurfi að gera lífeyrissjóðum kleift að fjárfesta í nýsköpunarfyrirtækjum með breytingum á lögum.

Þá gerði Bjarni að umtalsefni þær hindranir sem felast í reglum frá EES.

Áherslur atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis

Ragnheiður Elín Árnadóttir, atvinnu- og nýsköpunarráðherra sagði stærsta viðfangsefnið vera að stöðva fólksflóttu. Starfsumhverfið þurfi að vera þannig að fyrirtæki geti vaxið. Gjaldyrishöftin séu hindrun og spurning hvað hægt sé að gera þar til að þeim verður aflétt. Tækniþróunarsjóður og R&B endurgreiðslan séu að virka en einfalda þurfi regluverkið.

Umræður

Að loknum framsögum var efnt til umræðna með fulltrúum fyrirtækja þar sem tæpt var á málum á borð við flækjur varðandi tvísköttunarsamninga, nauðsyn þess að breyta lyfjalögum og mikilvægi tækniþróunarsjóðs og R&B endurgreiðslu.

Svana Helen óskaði eftir upplýsingum um hvenær frumvarp um skattaafslátt vegna hlutabréfakaupa yrði lagt fram og við hverju mætti búast varðandi framlög í Tækniþróunarsjóð. Ráðherra svaraði því til að fjárfestingaráætlun fyrri ríkisstjórnar hefði ekki gengið eftir og því yrði fjármögnun erfið. Lög um skattaafslátt ættu að klárast fyrir áramót.

Ytarlegri upplýsingar á www.si.is

Markmiðið að efla atvinnulíf og bæta lífskjör

Formenn og framkvæmdastjórar samtaka atvinnulífs og iðnaðar á Norðurlöndunum samþykktu á fundi í Reykjavík í lok ágúst að ráðast í sameiginlega úttekt á samkeppnishæfni Norðurlanda. Markmið úttektarinnar er að finna leiðir til að efla atvinnulíf í löndunum og bæta lífskjör fólks sem þar býr, en kraftmið atvinnulíf er forsenda öflugrar norrænnar velferðar.

Þó að margt sameini Norðurlöndin er annað ólíkt. Í úttektinni verða nokkrir lykilþættir skoðaðir og það dregið fram sem best er gert, hvað megi betur fara og á hvaða sviðum er hægt að læra af reynslu annarra. Stefnt er að því að niðurstöður úttektarinnar liggi fyrir vorið 2014.

Á fundi samtakanna var rætt um stöðu og horfur í efnahagslífi Íslands, Danmerkur, Noregs, Svíþjóðar og Finnlands. Íbúar Norðurlandanna eru um 26 milljónir en á norrænum vinnumarkaði eru um 13,4 milljónir manna þar af 12,3 milljónir starfandi en um 900 þúsund atvinnulausir. Atvinnuþátttaka er mikil og hlutfall þeirra sem standa utan vinnumarkaðar er tiltölulega lágt í alþjóðlegum samanburði.

Í efnahagslægd síðustu ára hefur verið horft til Norðurlandanna sem fyrirmynda á mörgum sviðum en þó er ljóst að áskoranir sem löndin standa frammi fyrir eru margar. Til að viðhalda samkeppnisstöðu sinni og til að geta sótt fram verða Norðurlöndin að skapa nýjar hugmyndir og lausnir. Þess vegna verða þjóðirnar að leggja mikla áherslu á nýsköpun, rannsóknir, þróun og menntun til að dragast ekki aftur úr. Norðurlöndin verða jafnframt að búa svo um hnútana að þar sé eftirsóknarvert að búa. Þar skipta launakjör, verðlag og skattar verulegu máli auk velferðarþjónustu og menningar.

Fundinn sátu forystumenn og forystukonur stærstu samtaka atvinnurekenda á Norðurlöndum, DI (Dansk industri), DA (Dansk arbejdsgiverforening), NHO (Næringslivets Hovedorganisation), SN (Svenskt Näringsliv), EK (Elinkeinoelämän keskusliitto), SA (Samtök atvinnulífsins) og SI (Samtök iðnaðarins). Innan samtakanna starfa um 130.000 fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum í fjölbreyttum atvinnugreinum.



Litla  Ísland

FIMMTUDAGINN 10. OKTÓBER

Nýr vettvangur fyrir smá fyrirtæki



Hvað er að fréttu?

Samtök iðnaðarins leggja metnað í að birta fréttir af fyrirtækjum innan sinna raða í Íslenskum iðnaði og á vefsetri Samtakanna www.si.is Hvetjum félagsmenn til að benda okkur á efni eða senda okkur fréttir á netfangið rakel@si.is

Nú er aðeins ár til stefnu

Nú eru tæp tvö ár síðan mannvirkjalög tóku gildi og því rúmlega eitt ár eftir af þeirri aðlögun sem lögin veittu iðnmeisturum og byggingarstjórum til að koma sér upp gæðakerfi og nota við rekstur verka. Margir hafa þessa hluti í góðu lagi nú þegar. Sumir eru komnir vel af stað en of margir hafa enn ekkert aðhafst í þessu efni.

Lítið mál og ekki eftir neinu að bíða
Hugtakið „gæðastjórnun“ virkar á marga sem háfleygt fyrirbrigði og það hefur dregið kjark úr mörgum að hefja innleiðingu gæðakerfis. Það er þó minna mál er margur heldur og ekkert til að óttast. Þegar vel tekst til auðveldar það stjórnendum dagleg störf. Undirstaða gæðakerfis kallast gæðahandbók sem er sambærileg hönnunargögnum við mannvirkjagerð að því leyti að við byggingu mannvirkja nota iðnarmenn teikningar og verklýsingar en við rekstur fyrirtækis nota stjórnendur verklagsreglur, gátlista og ýmis eyðublöð. Það er illgerlegt að byggja hús án teikninga og verklýsinga og að sama skapi er óskynsamlegt að reka fyrirtæki án sambærilegra gagna í formi verklagsreglna og gátlista. Með gerð gæðahandbókar er verið að hanna fyrirtækið, rekstur þess og stjórnun. Þannig má samræma vinnubrögð, auka hagræðingu og fækka mistökum. Hugtakið „gæðastjórnun“ þýðir einfaldlega „GÓÐ STJÓRNUN“ og á grundvelli Laga um mannvirki þýðir það „góð framleiðslu-/byggingarstjórnun“

Tíminn að hlaupa frá okkur

Tíminn líður hratt og þriggja ára fresturinn, sem iðnmeistarar og byggingarstjórar fengu til aðlögunar, er brátt á enda. Því ættu iðnmeistarar og byggingarstjórar, sem enn hafa ekki komið þessum málum í lag að bregðast við strax. Fyrir árslok 2014 þurfa þeir, sem ætla að starfa áfram sem iðnmeistarar og byggingarstjórar, að leggja eigið gæðakerfi fram til úttektar og viðurkenningar hjá skoðunarstofu á vegum Mannvirkjastofnunar. Á vef Mannvirkjastofnunar www.mvsv.is



Ferdinand Hansen
gæðastjóri SI

mvsv.is er að finna ágætar leiðbeiningar varðandi kröfuna um gæðakerfi og úttekt á þeim.

Margt í boði til aðstoðar

Fyrir þá sem vilja aðstoð við að koma sér upp og nota gæðakerfi er margt í boði. Hjá IÐUNNI fræðslusetri eru þrjú námskeið í boði, öll byggð á sömu forsendum en misjafnlega ítarleg. Stysta námskeiðið er sjö kennslustundir og er ætlað einyrkjum og minnstu fyrirtækjum sem ætla ekki annað en að standast lágmarkskröfur mannvirkjalaga. Ennfremur er í boði tuttugu kennslustunda námskeið sem er ætlað stærri fyrirtækjum sem standa fyrir framkvæmdum eða starfa sem undirverktakar hjá öðrum og ætla að standast kröfur opinberra verkkaupa um gæðastjórnun.

Á námskeiðinu er farið ítarlega yfir skilgreiningu á aðferðafræði gæðastjórnunar ásamt ýmsum tækjum og tólum sem notuð eru við stjórnun. Námskeiðið á að gefa þátttakendum góða innsýn í hvernig hægt er að byggja upp gott gæðakerfi og hvernig það er notað við daglega verkstjórn. Í þriðja lagi er stefnt að því eftir áramót að bjóða rúmlega 35 kennslustunda námskeið þar sem þátttakendur fá skilgreiningu á aðferðafræði, tækjum og tólum gæðastjórnunar og vinna jafnhliða að gerð eigin gæðahandbókar. Sem hluta af námskeiðinu er þátttakendum boðinn stuðningur í gegnum raunverulegt verk sem þeir hafa tekið að sér.

Þeir sem vilja byggja upp eigið gæða-

kerfi frá grunni í stað þess að kaupa aðgang að forsníðnu gæðakerfi, t.d. hjá SI, fá sértæka tölvukennslu til þess. Þetta er námskeið sem byggingarstjórar ættu ekki láta fram hjá sér fara.

Hjá SI er hægt að kaupa aðgang að miðlægu, forsníðnu gæða- og skráavistunarkerfi sem auðveldar og styttr þátttakendum leiðina að settu marki. Þangað er líka hægt að sækja ráðgjöf, aðstoð, leiðbeiningar og kennsluefni varðandi stjórnun og rekstur. Ýmis gögn tengd málefnum er að finna á vefsíðu Samtanna á slóðinni www.gsi.is. Öll aðstoð verkefnisstjóra SI við félagsmenn og aðgangur að upplýsingum á vefsetri er án endurgjalds. Þeir félagsmenn, sem velja að fá afnot af forsníðnu gæðakerfi SI til að byggja upp eigin gæðahandbók og gagnavistun, þurfa að greiða 25.000 kr. eingreiðslu í upphafi og síðan 5.200 kr. fyrir mánaðarleg afnot og vistun á gögnum. Umfram það er öll aðstoð félagsmönnum að kostnaðarlausu.

Auðveld og markviss leið

Mörg fyrirtæki hafa valið að nýta sér áfangaskipta gæðavottun SI til að skipuleggja eigið gæðastarf. Þá er stuðst við lítið kver sem ber heitið „Hvar stöndum við?“ og nýttist eins og verkáætlun eða gátlisti sem leiðir viðkomandi í gegnum allan reksturinn skref fyrir skref. Áfangarnir eru fjórir og SI bjóða fyrirtækjunum úttekt og vottun að loknum umbótum í hverjum áfanga. Til stuðnings við þessa vinnu er kennslubókin „Hvernig gera má betur?“ sem er byggð upp með sama hætti og þar er því auðvelt að finna góð ráð þegar á þarf að halda. Aðstoð og úttekt hvað þetta varðar er félagsmönnum SI að kostnaðarlausu. Því er ekki eftir neinu að bíða. Ef þú þarft aðstoð þá er bara að hringja í 591-0127, senda tölvupóst á ferdinand@si.is eða nálgast nánari upplýsingar eru á www.gsi.is og þú ert lagður af stað.



Samtök iðnaðarins veita ráðgjöf og aðstoða við innleiðingu gæðastjórnunar, CE merkinga og áfangavottana. Sjá nánar á www.gsi.is



Veistu hvað þú ert með í höndunum?

Löggjöf um efnavörur hefur breyst mikil undanfarin ár. Aðferðafræði við hættumat efna hefur í raun verið umturnað og nú er ábyrgð á áhættumati á hendi framleiðenda og innflytjenda en ekki stjórnvalda eins og áður. Í viðskiptum með efni og efnavörur skal upplýsingum um hættueiginleika komið áfram til viðtakenda efnanna, hvort sem þeir nota þau til framleiðslu á eigin vörum eða selja áfram.

Á fundi Samtaka iðnaðarins, Samtaka verslunar og þjónustu og Umhverfisstofnunar, þann 5. september var rætt um upplýsingagjöf um efnavörur og skyldur þeirra sem framleiða, flytja inn eða selja efni.

Upplýsingar um hættuleg efni

Bryndís Skúladóttir hjá SI fjallaði um ábyrgð þeirra sem setja efni og efnavörur á markað á að þekkja þau. Öryggisupplýsingar skulu fylgja efnunum og allir hvort sem um er að ræða framleiðanda, innflytjanda, eftirnotanda, dreifingaraðila, seljanda eða notanda, þurfa að þekkja efnin sem þeir afhenda eða nota. Upplýsingaflæði í aðfangakeðjunni tryggir að allir séu upplýstir. Samskipti við birgja eru mikilvæg til að upplýsingar berist. Þeir sem nota efnin í atvinnuskyni skulu tryggja að upplýsingar um áhættu við notkun efna séu til staðar og fylgja leiðbeiningum um örugga notkun.

Öryggisblöð fá aukilð vægi

Maria O'Shea sem starfar á þjónustuborði ECHA, Efnastofnun Evrópu, kynnti

hvernig staðið er að skráningu á hreinum efnum. Það er dýrt og langt ferli að skrá efni og reynslan sýnir að einungis stærri aðilar ráða við það. Varðandi efnavörur er það framleiðandi, eða sá sem flytur hana inn á EES svæðið, sem skal afla upplýsinga um hættueiginleika og hvernig nota megji vöru á öruggan hátt. Setja skal upplýsingar fram í öryggisblaði eins og verið hefur um áratugaskeið. Öryggisblöð hafa fengið aukilð vægi og farið er fram á ítarlegri upplýsingar en verið hefur. Fyrir sum efni þarf einnig að fylgja öryggisskýrsla þar sem lýst er mismunandi notkunarsviðum. Öryggisblöð skal útbúa fyrir efni sem flokkast hættuleg. Þau skulu vera á íslensku og afhendast þeim sem nota efnin í atvinnuskyni. Ekki er skylt að afhenda almennum notendum öryggisblöð, þar duga varnaðarmerkingar á vörunni sjálfri sem skulu vera á íslensku.

Ný efnalög

Bergþóra Hlíðkvist Skúladóttir hjá Umhverfisstofnun fór yfir breytingar í nýjum efnalögum. Þeir sem höndla með efnavörur þurfa að vera meðvitaðir um hvaða vöru þeir eru með og hvaða reglur gilda. Auk reglna sem gilda um hættuleg efni gilda sérstakar reglur um snyrtivörur, sæfivörur, ósoneyðandi efni, varnarefni og fleira. Þar eru ákvæði um m.a. leyfi til markaðssetningar, kröfur um vottanir og bann við notkun tiltekinnna efna. Auk þess þarf að sækja um sérstök leyfi til að setja varasömustu efnin á markað, s.s. krabbameinsvaldandi efni. Eftirlit með efnavörum, skráningar og leyfisveit-

ingar verða að mestu í höndum Umhverfisstofnunar.

Breyttar merkingar

Sú breyting sem almennir notendur munu helst taka eftir eru ný varnaðarmerki. Allir þekkja appelsínugulu á umbúðum hættulegra efna. Þau munu víkja fyrir rauðum tígli utan um mynd sem gefur til kynna hvaða hættu er á ferð. Framleiðendur þurfa að huga að endurnýjun á merkingum en gömlu merkin eiga að vera horfin úr hillunum um mitt ár 2017. Nýja kerfið er samræmt milli Evrópu, Bandaríkjanna og fleiri ríkja. Sá sem markaðssetur hættuleg efni skal tryggja að umbúðir séu merktar á íslensku en söluaðili ber einnig ábyrgð því óheimilt er að selja vanmerktar vörur.

Íslenskur iðnaður

Fréttablað Samtaka iðnaðarins
8./9. tbl. 19. árg. Ágúst/September 2013
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 18.9.2013
Prentvinnsla: Prenttækni ehf.
Ljósmyndir: Odd Stefán, bls. 7 Hulda Sif,
Útgefandi: Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35,
105 Reykjavík, sími: 591 0100, fax: 591 0101

Kennitala: 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is
Ábyrgðarmaður: Orrri Hauksson
Ritstjóri: Rakei Pálsdóttir
Umbrot: Þóra Ólafsdóttir
Fjölmíðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmíðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í sílikum tilvikum.

Merkingar ólögsmætar

Neytendastofa komst að þeirri niðurstöðu um miðjan ágúst að Drífa ehf., sem selur m.a. lopahúfur og vettlinga í verslunum víða um land undir vörumerkjunum ICEWEAR og NORWEAR, hafi brotið gegn lögum um eftirliti með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005.

Forsaga málsins er að Samtök iðnaðarins, f. h. félagsmanna sinna sem framleiða og selja íslenskar ullarvörur, sendu inn kvörtun til Neytendastofu vegna háttsemi fyrirtækisins Drífu ehf. Fyrirtækið selur ýmsar smávörur í verslunum hér á landi, m.a. lopahúfur og vettlinga. Á bakhlið merkimiða varanna er að finna strikamerki vörunnar, tilvísun á vefsíðuna NORWEAR.com ásamt mynd af íslenska fánanum. Hvorki á verðmiðanum né á textíl- og þvottamerkingu, sem saumuð er í vörurnar er að finna upplýsingar um framleiðslu varanna. Einu upplýsingarnar sem neytendum eru veittar um uppruna varanna vísa því til Íslands þrátt fyrir að fram hafi komið í gögnum

málsins að vörurnar væru framleiddar erlendis og því ekki unnar úr íslenski afurð.

Að mati Neytendastofu gáfu merkingarnar ranglega til kynna að um íslenska vöru og íslenska framleiðslu væri að ræða. Engar upplýsingar væru að finna á vörunum eða merkingum þeirra sem gæfu til til kynna að vörurnar væru ekki íslenskar. Stofnunin taldi merkingar á vörunum villandi gagnvart neytendum og til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn og því brot gegn fyrrnefndum lögum um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Hefur Neytendastofa því bannað Drífu ehf. notkun merkinganna án þess að uppruni vörunnar komi skýrt fram. Verði ekki orðið við banninu má búast við því að tekin verði ákvörðun um sektir á grundvelli fyrrnefndra laga.

BIOEFFECT húðvörurnar í yfir tuttugu löndum

Húðvörurnar frá Sif Cosmetics eru seldar í yfir 400 verslunum víðs vegar um heim. Þeirra á meðal eru margar þekktustu snyrtivöru- lífstíls- og stórverslanir heims, á borð við Colette í París, Selfridges í London, Magasin du Nord í Kaupmannahöfn og La Rinscente í Milánó.

Nýverið bættist Suður-Afríka í hópinn en þar eru íslensku húðdroparnir nú fánlegir á um hundrað útsölustöðum. Gengið hefur verið frá samningum við Imbalie Beauty Inc, eina stærstu snyrtistofukeðju þar í landi, um sölu og dreifingu á BIOEFFECT húðvörunum. Salan hefur gengið vonum frammar allt frá því að vörurnar voru fyrst kynntar í vor og S-Afríka er nú þegar orðinn mikilvægur markaður fyrir vörur fyrirtækisins.

Vörurnar eru fyrstu húðvörurnar sem innihalda EGF frumuvaka sem framleiddur er í plöntum. EGF er prótein sem húðfrumur nota til að senda skilaboð sín á milli um að hraða endurnýjun húðarinnar og auka framleiðslu kollagens. Frumuvakinn er framleiddur í byggi sem er ræktað í hátækni gróðurhúsi ORF Líftækni í Grindavík.

Fjöldi námskeiða í boði á haustönn

Nýtt fræðsluár er hafið hjá IDUNNI fræðslusetri. Fjölbreytt úrval námskeiða eru í boði á öllum okkar fagsviðum auk úrvals almennra námskeiða. Við hvetjum alla til að kynna sér framboðið á heimasíðu okkar www.idan.is

Hugaðu að þinni símenntun og kynntu þér framboðið á www.idan.is



IDAN
fræðslusetur

Skúlatún 2 - 105 Reykjavík
Sími 590 6400 - Fax 590 6401
idan@idan.is - www.idan.is





Mentis Cura semur við kínverskt hátæknisjúkrahús

Íslenska rannsóknarfyrirtækið Mentis Cura hefur gert samkomulag við kínverska hátæknisjúkrahúsið WanJia Yuan International Geriatric Hospital um að sjúkrahúsið noti hugbúnað fyrirtækisins við greiningu á Alzheimer og öðrum heilabilunarsjúkdómum. Einnig mun félagið verða leiðandi samstarfsaðili í tengslum við klínískar rannsóknir.

WanJiaYuan International Geriatric Hospital er fyrsta sjúkrahús Kína sem sérhæfir sig í öldrunarsjúkdómum, þar á meðal Alzheimer. Sjúkrahúsið á sér enga hliðstæðu í heiminum þar sem um er að ræða hátæknisjúkrahús með 1.200 rúmum, þar á meðal 400 fyrir Alzheimers sjúklinga, að því er fram kemur í tilkynningu. Verður það stærsta öldrunarsjúkrahús í Kína. Til samanburðar eru 8 rúm á Íslandi og um 30 á Karólinska spítalanum í Stokkhólmi frátekin fyrir Alzheimer sjúklinga.

Um eitt hundrað alþjóðlegir sérfræðingar munu starfa innan spítalans sem verður leiðandi í rannsóknum sem tengjast þessum erfiðu sjúkdómum. Meðal sérfræðinga má nefna dr. Bengt Winblad, en hann hefur starfað sem prófessor hjá Karólinska sjúkrahúsinu síðustu 18 ár og hefur birt fleiri vísindagreinar um Alzheimer en nokkur annar starfandi vísindamaður.

Samningur Mentis Cura og kínverska sjúkrahússins er ekki síst tilkominn vegna samstarfs Mentis Cura við Stockholm Brain Institute, sem íslenska fyrirtækinu var nýlega boðið að verða meðlimur í. En SBI er fjármagnað af sænska ríkinu til að leiða saman helstu sérfræðinga Svíþjóðar til að vinna að framförum á sviði vísinda og rannsókna í tengslum við Alzheimer og aðra hrörurnsjúkdóma. Innan SBI starfa Stockholm University, Royal Institute of Technology og Karólinska sjúkrahúsið. Karólinska er ein þekktasta rannsóknarstofnun veraldar þegar kemur að Alzheimer.

13 AI+

Tækifæri sem felast í álframleiðslu á Íslandi



Á ráðstefnu sem haldin var í Arion Banka 28. ágúst var litið til núverandi stöðu og framtíðar möguleika sem felast í framleiðslu á áli á Íslandi. Ráðstefnan var lokapunktur álverkefnisins 13AI+.

13AI+ hefur að markmiði að efla þekkingu og skilning á efninu áli, með áherslu á umhverfi, nýsköpun, hönnun og tæknimiðlun. Því er ætlað að miðla þekkingu á tækni, iðnaði og iðnaðarframleiðslu milli norrænu landanna en Svíþjóð, Ísland og Noregur eru þátttakendur. Verkefninu er auk þess ætlað að vekja athygli á því að íslenskt ál er framleitt á umhverfisvænni hátt en annars staðar með notkun hreinna orkugjafa.

Ræðumenn voru á meðal þeirra fremstu á sviði viðskipta, álframleiðslu og hönnunar. **Garðar Eyjólfsson** hönnuður og verkefnisstjóri 13AI+ fyrir hönd Íslands kynnti myndband sem hann vann um verkefnið. **Jan Stavik**, framkvæmdarstjóri hönnunarráðs í Noregi fjallaði um - hvernig nota má iðnhönnun sem drifkraft í nýsköpun og viðskiptum. **Rosa M. Garcia Pineiro**, framkvæmdastjóri umhverfis-, heilbrigðis- og öryggismála hjá Alcoa fjallaði um starfsemina og kynnti nýjustu framleiðsluvörur fyrirtækisins. **Johannes Torpe** er einn af fremstu hönnuðum Dana. Hann flutti kraftmikinn fyrirlestur þar sem hann fjallaði um vinnu sína og hvernig ál er notað í framleiðslu á hágæða sjónvarps- og hljómflytningstækjum Bang & Olufsen. **Hans Reich** fjallaði um Production Leap, þróunarverkefni fyrir minni og meðalstór fyrirtæki sem byggir á hugmyndafræði um Lean production aðferðafræði - að horfa fram hjá öllu nema því sem skiptir máli og viðhalda verðmætum með minni vinnu.

Að loknum erindum var efnt til pallborðsumræðna með þátttöku ræðu-

manna. Fundarstjóri var Pétur Blöndal, framkvæmdastjóri Samáls.

Um 13AI+

13AI+ er samnorrænt og þverfaglegt samstarfsverkefni á milli íslenskra hönnuða og sænskra álframleiðslufyrirtækja sem hófst 2012 og gengur út á að skoða frekari möguleika sem felast í álframleiðslu á Íslandi.

Fimm íslenskir hönnuðir Sigga Heimis, Þóra Birna, Snæbjörn Stefánsson, Garðar Eyjólfsson og Katrín Ólína fóru til Möbelrikt og Design Region Småland í Svíþjóð þar sem þau öðluðust frekari verkunnáttu á áli. Þá þekkingu nýttu hönnuðurnir síðar í samstarfi við íslenska og sænska framleiðendur. Afurðir þeirra voru til sýnis á ráðstefnunni.

Nýir félagsmenn

Pendo ehf.
Borgarholtsbraut 63a
200 Kópavogur



Verðlaunabrauð LABAK

Brauðið er afrakstur keppni sem efnt var til meðal félagsmanna í sumar og var valið úr 11 innsendum brauðum. Höfundur uppskriftarinnar, Sigurður M. Guðjónsson Bernhöftsbakaríi tók við verðlaunum í húsakynnum Matís þar sem viðstöddum gafst kostur á að smakka á brauðinu og kynna sér það nánar.

Jóhannes Felixson, formaður LABAK, sagði frá tilurð keppinnar, en tilgangur hennar er að stuðla að bættri hollustu í



F.v. Ragnar Magnússon, Daði Björnsson, Ragnar Björnsson, Ólafía Helgadóttir, Birna Ragnarsdóttir og Björn Hilmarrsson

R.B Rúm hélt upp á 70 ára afmælið Fyrirtækið var stofnað árið 1943 og hefur verið í eigu sömu fjölskyldunnar alla tíð.

Mikill fjöldi gesta lagði leið sína í verslun R.B. rúma og samglöddust eigendum og starfsfólki fyrirtækisins við lifandi tónlist og léttar veitingar.

fæði landsmanna. Hann nefndi að aðeins einn bakameistari hefði verið í dómnefndinni en hins vegar lögð áhersla á að fá fólk á ólíkum aldri og af báðum kynjum til dómarastrarfanna til að tryggja að mest áhersla væri lögð á bragðgæði og áferð. Verðlaunabrauð LABAK væri með réttu brauð fyrir allan almenning enda valið af almenningi sjálfum.

Embætti landlæknis tók þátt í að setja þær kröfur sem brauð þurftu að uppfylla til að taka þátt í keppninni.

Gerð var sú krafa að brauðin uppfylltu allar kröfur norræna skráargatsins auk þess að geta flokkast sem heilkornabrauð en það þýðir að a.m.k. helmingur mjölsins er heilmalað korn sem inniheldur öll upprunaleg næringarefni kornsins. Ennfremur var gerð sú krafa að a.m.k. 20% af mjölinu væri íslenskt bygg.

Dómnefnd skipuðu Ásgeir Þór Tómasson, bakameistari, Hótel- og matvæla-skólanum, Hólmsfríður Þorgeirsdóttir, matvæla- og næringarfræðingur, Embætti landlæknis, Jóhanna Eyrún Torfadóttir, Lýðheilsufræðingur, Háskóla Íslands, Kári Steinn Karlsson, afreks-íþróttamaður og Steinar B. Aðalbjörnsson, næringarfræðingur, Matís.

Brauðið er selt í bakaríum félagsmanna LABAK.



GÆÐASTJÓRNUNARFÉLAG
NORÐURLANDS

Gæðastjórnunarfélag Norðurlands var stofnað þann 14. maí. Það voru þrettán fyrirtæki sem komu að stofnun félagsins en þau eru í stafrófsröð: Becromal, FSA, Háskólinn á Akureyri, Kjarnafæði, MS-Akureyri, Norðlenska, Norðurorka, Norlandair, Rafeyri, Raftákn, Símey, Slippurinn og SS byggir.

Tilgangur félagsins er að efla tengslanet þeirra er koma að gæðamálum fyrirtækja og stofnana og stuðla að aukinni fræðslu um gæðamál hjá fyrirtækjum og stofnunum á svæðinu, t.d. með reglulegum félagsfundum, kynningum og námskeiðum.

Öll fyrirtæki og stofnanir á Norðurlandi geta orðið aðilar að félaginu, óháð stærð þeirra og atvinnustarfsemi

Útflutningsverkefnið ÚH í 24 sinn

Verkefnið hefst 23. október og er umsóknarfrestur til 14. október en fjöldi þátttakenda í hverju verkefni er takmarkaður við 10. Mikil eftirspurn er á hverju ári eftir sæti í ÚH og eru þeir sem hafa hug á að sækja um hvattir til að gera það sem fyrst en umsóknareyðublað má finna á www.islandsstofa.is Nánari upplýsingar veitir Davíð Lúðvíksson SI.